

Miðvikudaginn 24. júní 1992.

Nr. 22/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Jóhönnu Laufeyju Óskarsdóttur**

(Árni Vilhjálmsson hrl.).

Tolllagabrot. Aðfinnslur. Verjandi. Sýkna.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

#### **I.**

Ákærða var borin sökum vegna brota, sem voru framin á árunum 1986 og 1987. Ákærða gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 19. maí 1987, en kom fyrst fyrir sakadóm 22. september 1989.

Í héraðsdómi er ekki getið framburðar Péturs Daníels Vilbergs-sonar og Guðna Ragnars Eyjólfssonar hjá rannsóknarlögreglu, en þeir voru stýrimenn á m/s Álafossi og skipsfélagar ákærðu á þeim tíma, er hér skiptir máli. Voru þeir yfirheyrðir í maí 1987, grunaðir um áfengis- og tolllagabrot 1986 og 1987.

Pétur Daníel kvaðst geta fullyrt með nokkurri vissu, að sjö skipverjar á m/s Álafossi, sem hann nafngreindi, hefðu ekki stundað smygl á áður nefndu tímabili. Er ákærða í þeim hópi.

Guðni Ragnar Eyjólfsson kvaðst vita, að sextán skipverjar á m/s Álafossi, er hann nafngreindi, hefðu á þessu tímabili „staðið í smygli á áfengi til Íslands“. Er ákærða ekki meðal þeirra.

Hvergi í gögnum málsins sér þess stað, að menn þessir hafi verið yfirheyrðir fyrir dómi.

Hinn 10. apríl 1991 ritaði héraðsdómari tollgæslustjóra bréf og falaðist eftir upplýsingum. Meðal annars var þess óskað, „að kannað verði, hvort tollgæslan hafi í þeim 17 ferðum ákærðu með Álafossi á þessu tímabili (16 árið 1986 og 3. maí 1987) fundið hjá henni áfengi, sem ætla megi, að hún hafi flutt ólöglega til Íslands“.

Í svarbréfi tollgæslustjóra 17. júlí sama ár segir meðal annars: „Þar sem alllangt er, síðan hinir kærðu atburðir áttu sér stað, hefur reynst vandkvæðum bundið að afla sumra þeirra gagna og upplýsinga, sem um er beðið, ... Tiltæk gögn sendast hér með.“

Eigi verður séð, að þau gögn, sem héraðsdómara voru send samkvæmt bréfinu, hafi gagnast honum í málinu.

## II.

Við dómsrannsókn hefur ákærða afdráttarlaust neitað sakargiftum. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, að hvaða leyti hún ber bríður á framkvæmd yfirheyrslu, er hún gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar er og rakinn framburður rannsóknarlögreglumanna, er að þessu lýtur, en dómskýrslur voru ekki teknar af þeim fyrr en 8. apríl 1991. Óvissa er um, hvort ákærðu var kynntur framburður hennar að yfirheyrslu lokinni, svo og, hvort vottur var að yfirheyrslunni, sbr. 37. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Dómskýrslna vitna, sem báru ákærðu í vil við lögreglurannsókn, var ekki aflað í málinu, sbr. 75. gr. laga nr. 74/1974. Vitnið Finnbogi Aðalsteinsson bryti, sem bar ákærðu í óhag fyrir rannsóknarlögreglu, kvaðst fyrir dómi ekki geta staðið við þann framburð. Dráttur á málsmeðferð olli því, að gagna frá tollgæslu til framlagningar í málinu var ekki kostur, þegar eftir þeim var leitað.

Vegna alls þessa er slík óvissa um sekt ákærðu, að telja verður, að eigi sé nægilega fullnægt lagaskilyrðum til sakfellingar, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Lögreglurannsókn í máli þessu hófst í maí 1987 og virðist hafa lokið þá um vorið. Ákæra var þó ekki gefin út fyrr en 5. nóvember 1990. Á meira en þriggja ára tímabili var ekkert aðhafst í málinu, svo að séð verði, þegar frá er talið þinghald, sem háð var 22. september 1989, er ákærðu var boðið að ljúka málinu með dómsátt, sem hún hafnaði. Þessi óhæfilega langi dráttur á málsmeðferð, sem í engu hefur verið réttlættur, er ámælisverður. Við héraðsdómara er þó ekki að sakast.

Það athugast, sbr. XI. kafla laga nr. 74/1974, að Árni Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður, sem skipaður var verjandi ákærðu með bréfi sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1990, var hvorki mættur í þinghaldi sakadóms 8. apríl 1991, þegar vitni voru yfirheyrð, né 16. október s. á., er málið var munnlega flutt af verjanda hálfu, heldur fulltrúi hans.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Jóhanna Laufey Óskarsdóttir, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 70.000 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. október 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 16. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 518/1991: Ákæruvaldið gegn Jóhönnu Laufeyju Óskarsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. nóvember 1990, á hendur ákærðu, Jóhönnu Laufeyju Óskarsdóttur, til heimilis að Hæðargarði 18, Reykjavík, kt. 140824-2169, „fyrir áfengis- og tolllagabrot með því að hafa við alls 16 komur ms. Álafoss til Reykjavíkur frá Hamborg árið 1986 smyglað hingað til lands samtals 64 0,75 lítra flöskum af vodka og enn fremur við komu skipsins á sömu áætlunarleið 3. maí 1987 smyglað til landsins fjórum sams konar flöskum, en ákærða var þerna á skipinu í öll skiptin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr., tollalaga nr. 55, 1987, sbr. áður 60. gr., sbr. 61. gr., laga um tollheimtu og tollleftirlit nr. 59, 1969, 3. gr., sbr. 33. gr., áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 1. gr., sbr. 15. gr., laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

#### Málavextir.

Hinn 20. janúar 1987 barst RLR bréf tollgæslustjóra með beiðni um rannsókn á ætluðu tolllagabroti skipverja á ms. Álafossi á árinu 1986 og

í maímánuði árið 1987, en tollgæslufirvöld höfðu þá í höndum upplýsingar frá tollfyrirvöldum í Hamborg um það, að afhendingarseðlum og reikningum bæri ekki alltaf saman. Samkvæmt skipsáhafnarskrám var ákærða á skipinu í öllum þeim ferðum, er að framan greinir.

Ákærða var yfirheyrð um málið hjá RLR 19. maí 1987, og viðurkenndi hún við yfirheyrslur að hafa við 16 komur ms. Álafoss frá Hamborg til Reykjavíkur á árinu 1986 smyglað hingað til lands 64 0,75 lítra flöskum af vodka. Þá hefði hún við komu ms. Álafoss frá Hamborg 3. maí 1987 smyglað fjórum sams konar flöskum af vodka. Áfengi þetta hefði ákærða gefið vinum og vandamönnum.

Ákærðu var á dómþingi 22. september 1989 gefinn kostur á að ljúka málinu með dómsátt, en þeim málalokum hafnaði hún. Á dómþingi þann dag neitaði hún að hafa flutt áfengi ólöglega til landsins. Er borin var undir hana skýrsla sú, er hún gaf hjá RLR 19. maí 1987, neitaði hún að hafa ritað upphafsstafina J Ó á skjal 5, bls. 47. Jafnframt væri ekki um undirskrift sína að ræða undir skýrsluna.

Ákærðu var birt ákæra í máli þessu 26. nóvember 1990, og gaf hún skýrslu á dómþingi 22. janúar 1991. Fyrir dómi mótmælti ákærða efni ákærunnar og neitaði því þá að hafa smyglað áfengi til landsins frá Hamborg á árinu 1986 og 3. maí 1987. Kvaðst hún að jafnaði hafa keypt áfengi af bryta ms. Álafoss, er skipið var statt í Hamborg, en þess hefði hún neytt, áður en skipið kom til Íslands. Þó hefði hún ætíð flutt til landsins eina flösku af áfengi, er heimilt væri að flytja inn við hverja komu til landsins. Viðurkenndi hún fyrir dómi að hafa verið yfirheyrð hjá RLR vegna þessa máls 19. maí 1987. Á hinn bóginn hefði hún ekki sagt eitt orð af því, er fram kæmi í lögregluskýrslum. Þá væru á dskj. nr. 5, bls. 47, upphafsstafir sínir, er hún hefði ekki ritað á skjalið. Á hinn bóginn kannaðist ákærða þá við undirritun sína undir lögregluskýrsluna á dskj. nr. 5, bls. 48. Þá tók ákærða fram, að aðeins einn rannsóknarlögreglumaður hefði rætt við sig og að vottur sá, er ritað hefði undir skýrsluna, hefði ekki verið staddur við yfirheyrslur. Þá hefði framburður sinn ekki verið lesinn fyrir sér, áður en hún undirritaði lögregluskýrsluna.

Fyrir dóminn hafa komið vitnin Sigurbjörn Víðir Eggertsson, deildarfulltrúi hjá RLR, Yrsufelli 20, Reykjavík, Gunnleifur Kjartansson, lögreglufulltrúi hjá RLR, Glitbergi 7, Hafnarfirði, og Finnogi Aðalsteinsson bryti, Eskiholti 14, Garðabæ. Verður nú gerð grein fyrir framburði ofangreindra vitna.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson kvaðst hafa tekið framburðarskýrslu af ákærðu hjá RLR 19. maí 1987. Staðfesti vitnið, að umrædd lögregluskýrsla væri í samræmi við framburð ákærðu fyrir RLR þann dag. Hefði hún þar viðurkennt að hafa smyglað áfengi til landsins í 16 ferðum ms.

Álafoss á árinu 1986 og við komu til landsins 3. maí 1987. Í lok yfirheyrslunnar hefði ákærða ritað upphafsstafi sína á lögregluskýrslu þá, er merkt væri dskj. 5, bls. 47, og hefði hún því næst undirritað skýrsluna sjálfa. Vottur að undirritun skýrslunnar, Gunnleifur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, hefði verið kvaddur til, áður en undirritun fór fram. Vitnið kvað hugsanlegt, að það hefði ekki lesið fyrir ákærðu framburð hennar, áður en hún hefði undirritað skýrsluna, en ef svo hefði verið, þá hefði það verið vegna þess, að ákærða hefði sjálf lesið yfir skýrsluna. Þá kvað vitnið það fráleitt, að einhver annar en ákærða hefði ritað upphafsstafi á fyrri blaðsíðu lögregluskýrslunnar.

Fyrir dóminn kom vitnið Gunnleifur Kjartansson, lögreglufulltrúi hjá RLR. Staðfesti vitnið, að það hefði unnið að rannsókn málsins. Ekki kvaðst það nú muna, hvort það hefði verið vottur að sjálfri yfirheyrslunni yfir ákærðu eða aðeins vottað undirritun ákærðu á lögregluskýrsluna. Á þeim tíma hefði ekki tíðkast að geta þess sérstaklega, hvaða hlutverki vottar gegndu. Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir yfirheyrslunni sem slíkri yfir ákærðu, en kvað, að í tilvikum sem þessum, er það var kallað til sem vottur að skýrslutöku, hefði það verið að votta ritun upphafsstafa á öll skýrslublöð og undirritun í lok framburðar.

Vitnið Finnbogi Aðalsteinsson bryti var yfirheyrt hjá RLR 10. maí 1987. Fyrir lögreglu bar vitnið, að ákærða hefði smyglað áfengi hingað til lands. Vitnið kom fyrir dóminn 8. apríl 1991. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki geta haldið við fyrri framburð sinn, en það hefði á sínum tíma staðið í þeirri trú, að ákærða hefði staðið að smygli á áfengi með öðrum í áhöfn skipsins. Ekki hefði það séð ákærðu bera áfengi frá borði, og ekki hefði hún rætt við vitnið um það, að hún smyglaði áfengi. Staðfesti vitnið sem rétta framburðarskýrslu sína hjá RLR frá 10. maí 1987 með þeim athugasemdum, er komu fram fyrir dómi.

#### *Niðurstöður.*

Ákærða hefur fyrir dómi staðhæft, að framburður sá, er skráður er í lögregluskýrslu, dagsettri 19. maí 1987, sé ekki í samræmi við þær yfirlýsingar, er hún gaf hjá lögreglu þann dag. Hafi hún aldrei játað þann verknad, er hún er nú ákærð fyrir.

Sannað er með játningu ákærðu og framburði vitnanna Sigurbjörns Víðis Eggertssonar og Gunnleifs Kjartanssonar, að ákærða ritaði undir þá lögregluskýrslu, er hún gaf hjá RLR 19. maí 1987. Þeir ágallar á rannsókn málsins hjá RLR, að óljóst sé, hvort framburður ákærðu hafi verið lesinn í heyrenda hljóði að viðstöddum votti, þykja ekki slíkir, að ekki megi byggja á lögreglurannsókn málsins, sbr. að sínu leyti 37. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974. Þá er framburður ákærðu fyrir dómi

sumpart á reiki og um margt ótrúverðugur. Ekki verður byggt á framburði vitnisins Finnþórs Aðalsteinssonar í máli þessu sökum þess, hve misvísandi hann er.

Með vísan til ofanritaðs og framburðar lögreglumannanna Sigurbjörns Víðis Eggertssonar og Gunnleifs Kjartanssonar þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærðu á sök fyrir dómi, að hún hafi gerst sek um þá háttsemi, er henni er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar þessi háttsemi hennar við 1. mgr. 123. gr. tollalaga nr. 55, 1987, 3. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, og 1. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

#### *Sakaferill.*

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún ekki sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

#### *Refsing.*

Við ákvörðun refsingar í máli þessu þykir mega hafa hliðsjón af aldri ákærðu og þess, að hún hefur ekki áður orðið uppvís að refsiverðri háttsemi. Samkvæmt þessu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, þykir refsing ákærðu hæfilga ákveðin 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiða skal innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærða varðhaldi í 45 daga.

#### *Sakarkostnaður.*

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Vilhjálmssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Jóhanna Laufey Óskarsdóttir, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald í 45 daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Vilhjálmssonar hrl., 35.000 krónur.